



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 4. mars 2026
USK26020295

TILLAGA

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir eftirfarandi umferðaröryggisaðgerðir:

- a. *Gatnamót Grensásvegur og Miklubrautar:* Gönguþveranir upphækkaðar í hæð gangstétta í framhjálaupum.
- b. *Reykjavegur við Hofteig og Kirkjuteig:* Hraðalækkandi aðgerðir og bætt öryggi fyrir gangandi.
- c. *Úlfarsbraut-Urðarbrunnur:* Hraðalækkandi aðgerð til að halda niðri hraða framan við skóla og við gangbraut.
- d. *Holtavegur við Efstasund:* Gerð upphækkaðrar gönguþverunnar.
- e. *Snekkiuvogur við Eikjuvog:* Aðgerð á gatnamótum til að tryggja sjónlengdir og örugga gönguþverun.
- f. *Flúðasel:* Kreppa beygju svo bílstjórar þurfi að hægja betur á sér við fjölfarna gönguleið skólabarna.
- g. *Dyngjuvegur við Langholtsveg:* Eyra breikkað til að bæta sýn á gönguþverun og í gatnamótum. Eitt bílastæði fjarlægt vegna aðgerðanna.
- h. *Eskitorg við Litlahlíð:* Upphækkuð gönguþverun og bogar krepptir til að lækka aksturshraða yfir þverunina.
- i. *Lambhagavegur við Mímisbrunn:* Hraðalækkandi aðgerð til að tryggja umferðaröryggi í gatnamótunum.
- j. *Múlar:*
 - i. *Síðumúli 10 og 11* Upphækkuð gangbraut og lýsing.
 - ii. *Selmúli/Ármúli:* Upphækkuð gangbraut og lýsing á Selmúla á gatnamótum við Ármúla.
 - iii. *Ármúli 31 og 40:* Upphækkuð gangbraut, lýsing og miðeyja.
 - iv. *Síðumúli/Ármúli/Vegmúli :* Miðeyja á Síðumúlatengingunni á gatnamótunum.
 - v. *Ármúli/Síðumúli:* Bæta lausn fyrir gangandi á borgarlandi milli Ármúla 30 og Síðumúla 15.

Greinargerð:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur í samræmi við umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar og hámarkshraðaáætlun unnið að undirbúningi aðgerða til að bæta umferðaröryggi í borginni, í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu með það að markmiði að bjóða þær út til framkvæmda árið 2026. Nánar er gerð grein fyrir aðgerðunum sem hér er leitað samþykkis á í meðfylgjandi kynningu.



Reykjavík



Til viðbótar við ofangreindar aðgerðir er á árinu 2026 gert ráð fyrir framkvæmdum tengdum umferðaröryggi á Hamrastekk (samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 17. desember 2025 USK25120139). Eins er fyrirhugað á nokkrum stöðum að bæta á lýsingu við gönguþveranir og lagfæra úr sér gengnar hraðahindranir innan íbúahverfa án frekari aðgerða.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Carl Henrik Larsson
Verkefnastjóri

Hjálagt: Kynning á aðgerðum tillögu, auk áður samþykktra tillagna



Reykjavík